

Reykjavík 3. maí 2010.

Athugasemdir við niðurstöður faghópa

Skýrsla með niðurstöðum faghópanna sem starfa undir verkefnisstjórn *Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði* voru gefnar út í skýrslu í mars sl. Hér fara á eftir athugasemdir við skýrsluna þó rétt sé í upphafi að þakka verkefnisstjórninni fyrir að gefa almenningi tækifæri til að bregðast við á þessu stigi málsins, þ.e. áður en gerð er atлага að endanlegri flokkun virkjanakostanna; í nýtingarflokk/biðflokk/verndarflokk.

Nokkurs tvískinnungs gætir í uppleggi 2. áfanga rammaáætlunarinnar miðað við fyrri áfanga. Ástæðan er sú að áætlunin, sem hafist var handa við að gera með verklýsingu iðnaðarráðherra og skipan verkefnisstjórnar í mars 1999, hafði það að markmiði „að leggja mat á og flokka virkjunarkosti til raforkuframleiðslu, jafnt vatnsafls og háhita, með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði“ eins og segir í skýrslu verkefnisstjórnar frá í nóvember 2003. Verkefni þeirra sem stýra 2. áfanga áætlunarinnar er hins vegar nokkuð flóknara, eins og kemur fram í formála fyrirleggjandi skýrslu. Þar segir að markmið áætlunarinnar sé „að skapa forsendur fyrir sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða“ með því að „leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls og háhita og áhrif þeirra á náttúrufar og menningarminjar, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina og meta áhrif á hagsmuni allra þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði.“ Þessi munur á 1. áfanga áætlunarinnar og 2. áfanga kemur þó skýrast í ljós með nafnbreytingunni, sem virðist eiga rætur að rekja til samstarfs Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar í ríkisstjórn vorið 2007, en um það leyti kemur þetta orðalag „vernd og nýting náttúrusvæða“ fyrst fram í þingræðum og er svo endanlega fest í sessi í september 2007 þegar iðnaðarráðherra skipaði þá verkefnisstjórn sem nú starfar. Vandinn, sem verkefnisstjórnin stendur frammi fyrir er sá að yfirskrift verkefnisins lýsir öðru hlutverki en því sem áætlunin gengur í raun út á. Í niðurstöðum faghópanna er einungis lagt mat á virkjanakostina með tilliti til raforkuframleiðslu og er öll vinnan greinilega unnin „á forsendum orkunýtingar“, eins og formaður faghóps 1. Þóra Ellen Þórhallsdóttir komst að orði á kynningarfundum sem haldinn var í Þjóðminjasafninu 25. mars sl.

Við lestur skýrslunnar virðist sem lagt sé af stað með göfug markmið, en vegna þess hversu tímafrek vinna af þessu tagi er virðist aðferðafræðin hafa þurft að þola talsverðan niðurskurð. Segja má að nokkuð skorti á að hún nái yfir allt sem nauðsynlegt er að mæla ef ætlunin er að leggja heildstætt mat á svæðin sem um ræðir. Skal þar sérstaklega minnt á mat á gildi landslags. Hugmyndir um mat á fagurfæðilegu gildi landslags, tilfinningalegu gildi þess og upplifanalegu gildi, hafa orðið að víkja. Sú staðreynd vekur upp efasemdir um að ekki sé ætlunin að gera mikið með verndarþátt áætlunarinnar.

Því má að sjálfsögðu halda fram með gildum rökum að þrátt fyrir nýtt heiti á áætluninni þá sé eðlilegt að hún geri fyrst og fremst það sem lagt var upp með í byrjun, þ.e. meti virkjanakostina einungis með tilliti til raforkuframleiðslu, en þá er nauðsynlegt að samhliða áætluninni verði unnin náttúruverndaráætlun, skv lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, sem taki af tvímæli um vernd svæða sem ógnað er af virkjanahagsmunum. Nú er því ekki að heilsa að nýsamþykkt náttúruverndaráætlun fjalli um slík svæði í miklum mæli, ef frá er talin stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og svæðið umhverfis Langasjó. Það er því mikilvægt að verkefnisstjórnin geri upp hug sinn gagnvart þessu tvíþætta hlutverki áætlunarinnar, vernd annars vegar og nýtingu hins vegar, þegar lokahnykkurinn í vinnunni stendur fyrir dyrum. Ef vinnan á að vera trúverðug og gefnar forsendur að standast þá verður a.m.k. að bæta fagurfræðilega þættinum við flokkunina svo segja megi að verndarþættirnir vegi jafn þungt og nýtingarþættirnir.

Að lokum er bent á að í skýrsluna vantar tilfinnanlega kort sem sýnir áhrifasvæði þeirra virkjana sem þegar eru starfræktar, ekki nægir að birta kort sem sýnir áhrifasvæði þeirra virkjanakosta sem eru til skoðunar í þessum áfanga áætlunarinnar (sjá bls. 14 – 15). Til að hægt sé að gera sér grein fyrir heildaráhrifum virkjana á ásjónu landsins er nauðsynlegt að birta á einu og sama kortinu áhrifasvæði þegar starfræktra virkjana ásamt þeim sem lagt er mat á í áætluninni. Þá er sjálfsagt að verkefnisstjórn birti í lokaskýrslu sinni upplýsingar um áhrif einstakra virkjanakosta á þau víðerni, sem enn flokkast ósnortin skv. lagaskilgreiningu náttúruverndarlaga nr. 44/1999: *Ósnortið víðerni*: Landsvæði sem er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.

Virðingarfyllt,

Kolbrún Halldórsdóttir

Fornhaga 21

107 Reykjavík

kolbrun.halldors@gmail.com